

EFTIRLITSSKÝRSLA

Bolungarvíkurkaupstaður urðunarstaður að Hóli



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	28.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Bolungarvíkurkaupstaður	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Aðalstræti 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480774-0279	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Finnbogi Bjarnason	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	307786,784 635095,624

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst við eftirlit. Engin ábending var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

- Fundur:
 - starfsleyfismál
 - útafstandi mál frá síðasta eftirliti
 - kröfur í starfsleyfi
 - skoðun gagna
 - magn timburs og garðaúrgangs, jarðgerðarmál
- Skoðun á urðunarstaðnum

Viðstaddir eftirlitið voru Finnbogi Bjarnason fyrir hönd rekstraraðila og Gottskálf Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

1a. Við komu í eftirlit var starfsleyfið við það að renna út og undanþága umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá starfsleyfi lá ekki fyrir. Rekstraraðili sótti um nýtt starfsleyfi í nóvember 2017. Starfsleyfisgerð hefur tekið nokkurn tíma en matsskylduákvörðun lá fyrir í mars sl. og staðfest deiliskipulag 6. júní sl. Umhverfisstofnun hefur enn ekki samþykkt öll gögn í umsókn rekstraraðila.

Viðbúið er að nýtt starfsleyfi verði ekki tilbúið áður en eldra starfsleyfi rennur út og því mikilvægt að loka urðunarstaðnum eða sækja um undanþágu ráðuneytisins frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn. Lagt var að fulltrúa rekstraraðila að koma málinu í farsæla höfn.

Urðunarstaðurinn er í um 100 m fjarlægð frá Hólskirkju, um 250 m fjarlægð frá næstu húsum við Völusteinsstræti og innan við 500 m fjarlægð frá húsum við Höfðastíg.

1b. Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti ársins 2017. Annað snéri að staðsetningu sýnatökubrunna og gerð mæliáætlunar. Drög að áætlun um sýnatökur og mælingar á grunnvatni og yfirborðsvatni liggur fyrir og er til umsagnar hjá Umhverfisstofnun. Gert er ráð fyrir því að nýtt starfsleyfi innleiði nýja sýnatökuáætlun. Frávikinu verður lokað þegar nýtt starfsleyfi og nýja mæliáætlunin tekur gildi.

Hitt frávik snéri að ársyfirliti skráninga. Stofnað var eftirfylgnimál en þann 8. janúar sl. barst ársyfirlit skráninga fyrir urðunarstaðinn og var eftirfylgni lokið með bréfi UST201710-254/S.K. frá 11. janúar 2018.

1c. Starfsleyfið heimilar urðun á allt að 500 tonnum af óvirkum úrgangi, s.s. glertrefjaúrgangi, glerumbúðum, steinsteypu, múrsteinum, jarðvegi og steinum, flísum og keramíki og blöndu af þessum efnum. Eins má urða annan óvirkan úrgang ef farið hefur fram prófun á úrganginum og úrgangurinn uppfyllir skilyrði um óvirkan úrgang, sbr. útskolunarpróf. Annað má ekki urða en heimilt er að jarðgera eða endurvinnna með sambærilegum hætti garðaúrgang og annan lífrænan úrgang á urðunarsvæðinu. Óheimilt er að taka á móti, flokka, geyma eða urða heimilissorp og annan almennan úrgang og spilliefni á svæðinu sem starfsleyfið nær til og því er mikilvægt að móttaka og flokkun úrgangs fari fram annarsstaðar.

Auk mæliáætlunar skulu tvær aðrar áætlanir vera til staðar, neyðaráætlun og viðbragðsáætlun.

Neyðaráætlun urðunarstaðarins felst í samningi við Sorpurðun Vesturlands hf. um að taka við óvirkum úrgangi af svæði Bolungarvíkurkaupstaðar í neyðartilvikum. Samningurinn er frá 11. júlí 2012.

Áhættumat og viðbragðsáætlun fyrir urðunarstaðinn var unnið af verkfræðistofunni EFLU árið 2012. Þar eru taldar hverfandi líkur á að bráðamengun á urðunarstaðnum geti leitt til mengunar í sjó eða strönd. Tekið er á viðbrögðum við einsökum tilvikum sem kynnu að koma upp á urðunarstaðnum í viðbragðsáætlun staðarins. Í áhættumatinu er bent á að vegna fyrri urðunar á staðnum sé mikilsvert að fylgjast með sigvatni frá urðunarstaðnum.

1.d Magn og gerð úrgangs er sambærilegt á milli ára eða um 200 tonn sem komið er með á urðunarstaðinn. Einungis lítill hluti þess er urðaður eða um 25 tonn, annað er timbur-, trjá- og garðaúrgangur sem fer í endurvinnslu og endurnýtingu. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir landmótun á urðunarstaðnum, gerð jarðvegsmana til þess að bæta ásynd íbúa í efstu hverfum bæjarins. Leyfi heilbrigðisnefndar fyrir notkun timburúrgangs í manir til landmótunar liggur

fyrir.

Ársskýrslu skráninga skal senda stofnuninni fyrir 1. mars ár hvert. Í eftirliti eftirlitsaðila í júní sl. hafði skýrslan ekki skilað sér og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ársskýrsla skráninga hefur nú borist og því er engin þörf á eftirfylgni. Síðasta vöktunarskýrsla með niðurstöður mælinga á yfirborðs- og sigvatni frá urðunarstaðnum er frá mars 2017 en í starfsleyfi rekstraraðila er ekki nógu skýrt tekið fram um tíðni mælinga. Niðurstöður mælinga sýna að áhrifa urðunarstaðsins eru lítil á nánasta umhverfi sitt. Mæling á sínki undanfarin ár er á bilinu 65 µg/l til 71,5 µg/l. Þetta er hækkum frá nátturulegu gildi en líkleg skýring á því að sínk er notað til húðunar á þakfni sem tæringarvörn. Við niðurbrot á húsum fara þessi efni á urðunarstaðinn. Eins er heildarköfnunarefni (N-tot mg/l) að mælast á bilinu 1,3 mg/l til 6,8 mg/l sem telst næringaefnaríkt til ofauðugt í reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Áfram þarf að fylgjast með sigvatni frá urðunarstaðnum, sérstaklega vegna urðunar sem kom til áður en Umhverfisstofnun gaf út starfsleyfi þar hann er skilyrtur fyrir urðun á óvirkum úrgangi og úrgangi sem staðist hefur útskolunarpróf.

2. Nú hófst skoðun á urðunarstaðnum. Starfssemin er í góðum farvegi, verktaki á urðunarstaðnum hefur unnið við tiltekt og landmótun. Ásýnd svæðisins hefur batnað. Samkvæmt grein 2.7 í starfsleyfi telst jarðgerð það þegar lífrænn úrgangur er hakkaður eða tættur og blandaður með stoðefnum með reglulegum hætti, þannig að loftun náist í úrganginn. Rekstraraðili hefur leyfi til jarðgerðar eða sambærilegrar endurvinnslu á garðaúrgangi og öðrum lífrænum úrgangi á urðunarstaðnum.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í grein 3.1 um ársskýrslu skráningar.	Ársskýrsla skráningar barst ekki fyrir 1. mars eins og tilskilið er í starfsleyfi. Í júlí sl. barst skýrslan og því verður engin eftirfylgni vegna þessa og málinu lokað.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.08.2018



Gottskálk Friðgeirsson